



# Fréttabréf Rangárbæings eystra

Nóvember 2022



## Kæru sveitungar

Það er gaman að vera íbúi í Rangárbæingí eystra þessi misserin. Uppbyggingin og krafturinn alls ráðandi hvert sem lítið er. Sumarið var gott, þó vissulega sé alltaf hægt að óska sér betra veðurs. Gestir sem sóttu okkur heim hafa sjaldan verið fleiri og virðist ekki vera lát á. Haustið hefur einnig farið mjúkum höndum um okkur sem vonandi gefur góð fyrirheit fyrir komandi vetur.

Íbúar í Rangárbæingí eystra hafa aldrei verið fleiri. Þann 1. janúar 2022 voru íbúar sveitarfélagsins 1.971, en eru í dag, þegar þessar línur eru settar á blað, 2.037. Á síðustu 10 mánuðum hefur okkur því fjölgað um 66 íbúa. Þetta er ánægjuleg þróun og undirstrikar það sem við vitum, að hér er gott að búa. Þó að fjölgun íbúa sé af hinu góða, þá megum við samt sem áður ekki sofa á verðinum. Það er mikilvægt fyrir sveitarfélagið að vera í stakk búið, með uppbyggingu sinna innviða, til að geta tekið við fjölguninni. Við þurfum að hugsa langt fram í tímann m.t.t. skipulags íbúða- og atvinnusvæða, við þurfum að huga að uppbyggingu skóla- og íþróttamannvirkja og svo lengi mætti telja. Það er einnig mikilvægt að við horfum til atvinnuuppbyggingar í öllu sveitarfélaginu. Við þurfum að leggja áherslu á fjölbreytt atvinnulíf og fjölgun eftirsóknarverðra starfa í sem flestum geirum atvinnulífsins.

Skv. vef Byggðarstofnunar eru opinber störf í Rangárbæingí eystra 55 og hefur fjölgað um 13 á síðustu 4 árum. Þarna getum við gert mun betur í að gera okkur gildandi til að taka á móti t.d. störfum án staðsetningar frá hinu opinbera. Í samanburði við nágrannasveitarfélögin okkar er um augljóst tækifæri til fjölgunar starfa að ræða. Framkvæmdir við nýjan leikskóla ganga vel og eru á áætlun. Áætluð verklok eru í júlí 2023. Það verður því virkilega skemmtilegt að taka í notkun nýjan glæsilegan leikskóla næsta haust. Í millitíðinni erum við aðvitað að fást við óvenjulegar aðstæður þ.e. leikskólinn er rekin í nokkrum sjálfstæðum einingum, við húsakost og aðstöðu sem ekki var gerð fyrir starfsemi leikskóla. Því vil ég koma á framfæri miklu þakklæti til allra starfsmanna leikskólans, foreldra og ekki hvað síst barnanna sjálfra fyrir að láta þetta ganga.

Haustin eru annasamur tími fyrir sveitarstjórnarmenn. Mikið er um fundarhöld og ráðstefnur þar sem línurnar eru lagðar fyrir komandi ár. Samstarf sveitarfélaga og kjörinna fulltrúa almennt er af hinu góða. Við erum öll að fást við sömu verkefni og áskoranir sem snúa flestar að því að veita íbúum okkar eins góða og öfluga þjónustu og kostur er á. Nú stendur yfir vinna við undirbúning fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023. Vinnan gengur vel og eru margir sem koma þar að máli, starfsmenn sveitarfélagsins og kjörnir fulltrúar. Mikilvægt er að vanda vel til verka, vera skynsöm og raunsæ en samt sem áður áræðin og framsýn. Við horfum björtum augum til framtíðar og leggjum okkur fram við að vinna í sátt og samlyndi, sveitarfélaginu okkar og íbúum þess til heilla.

Anton Kári Halldórsson  
Sveitarstjóri

## Nýr forstöðumaður í félagsmiðstöðinni

Í byrjun september tók Laufey Hanna Tómasdóttir við sem forstöðumaður í félagsmiðstöðinni Tvistinum. Laufey tók við af Þresti Frey Sigfússyni sem eru þökkuð sín störf. Laufey Hanna er með reynslu bæði af starfi í félagsmiðstöð og í frístundarstarfi og er að ljúka námi í félagsfræði frá Háskóla Íslands. Tvisturinn er opinn fyrir nemendur á mið- og elsta stigi og síðan Laufey Hanna tók við hefur hún bryddað upp á ýmsum nýjungum og þeir krakkar sem að taka þátt í starfi félagsmiðstöðvarinnar geta unnið sér inn svokölluð Samfésþunkta en þá fá þau forgang á Samfés ballið sem er oft hápunkturinn í starfi félagsmiðstöðva á landinu.

### Frá Tvistráðinu

Þau Björk Friðriksdóttir, Eik Elvarsdóttir og Fannar Óli Ólafsson úr Tvistráðinu fóru á Landsmót Samfés helgina 7. - 9. október sem haldið var á Stykkishólmi. Landsmótið átti að standa yfir alla helgina en vegna veðurs var því lokið á laugardeginum. Krakkarnir gerðu gott úr því og skemmtu sér vel á Landsmótinu. Ball var haldið á föstudeginum sem var mikið fjör og svo á laugardeginum fóru þau í smiðjur þar sem þau lærðu ýmislegt skemmtilegt. Krakkarnir tóku einnig rölt um Stykkishólm og skoðuðu bæinn.



Laufey Hanna Tómasdóttir



## Rangárþing eystra

Austurvegur 4  
860 Hvolsvöllur  
Sími: 488 4200

Vefur: [www.hvolsvollur.is](http://www.hvolsvollur.is)

Umsjón: Árný Lára Karvelsdóttir  
Ábyrgð: Anton Kári Halldórsson

### Opnunartími

á skrifstofu

### Rangárþings eystra

Mán - Fim

09:00 - 16:00

Föstudagar

09:00 - 13:00




## Byggt á Hvolsvelli

Á kortavef Rangárþings eystra má finna allar lausar lóðir fyrir íbúða-, atvinnu- og hesthús. Slóðin er: [map.is/ranga/](http://map.is/ranga/)



## Bleikur október

Októbermánuður var tileinkaður Bleiku slaufunni en Bleika slaufan er árlegt átaksverkefni Krabbameinsfélagsins tileinkað baráttunni gegn krabbameini hjá konum. Í ár er vakin athygli á að það er ýmislegt sem hver og einn getur gert til að draga úr líkum á krabbameinum. Sérstaklega er minnt á mikilvægi skimana fyrir krabbameinum en ár hvert bjarga skimanir lífi fjölda kvenna. Fyrirtæki og stofnanir voru lýstar upp með bleikum lit nú í október sl. og að venju settu starfsmenn Áhaldahússins upp bleika lýsingu á Seljalandsfoss. Á bleika deginum, þann 14. október, var hvatt til þess að fólk kæmi klætt í bleikt og sýndu m.a. starfsmenn Naglverks á Hvolsvelli gott fordæmi þegar þeir voru allir í merktum bleikum peysum.



## Ungmennaráð

Eins og í öðrum nefndum sveitarfélagsins þá er nýtt Ungmennaráð skipað eftir að kosningar. Ungmennaráðið er að þessu sinni skipað þeim Oddi Helga Ólafssyni, Sigurbór Árna Helgasyni, Söru Jóhönnu Geirsdóttur Waage, Heimi Árna Erlendssyni, Fannari Óla Ólafssyni, Ólafu Ragnheiði Þórðardóttur og Björk Friðriksdóttur.

Hlutverk Ungmennaráðs er að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um málefni ungs fólks í sveitarfélaginu, hjálfa ungmennin í lýðræðislegum vinnubrögðum, skapa þeim vettvang til að koma skoðunum sínum á framfæri og efla umfjöllun sveitarfélagsins um málefni er tengjast ungu fólki. Ungmennaráð stendur einnig fyrir viðburðum sem höfða sérstaklega til ungs fólks í sveitarfélaginu.



## Fjör á sunnudagsmorgnum í íþróttahúsinu

Á sunnudagsmorgnum í vetur verður fjör í íþróttahúsinu á Hvolsvelli. Milli klukkan 10:00 - 12:00 verða Krílaíþróttir en þeir tímar eru ætlaðir fyrir börn á aldrinum 2 - 3 ára. Tímarnir ganga út á það að foreldrar séu virkir með börnunum sínum og hægt er að nota alla þá skemmtun sem að íþróttahúsið býður upp á. Klukkan 11:00 hefst svo fótboltafjör fyrir 8. flokk sem er fyrir börn fædd 2017 - 2018. Eftir fótboltann þá er opinn tími í Badminton frá klukkan 12:00 - 13:00. Hægt er að setja upp fjölmarga velli en spaðar og flugur eru til staðar í íþróttahúsinu fyrir þá sem það þurfa.

## Ringó í íþróttahúsinu

Í íþróttahúsinu á Hvolsvelli er spilað Ringó á föstudögum milli 20 - 22 undir stjórn Ólafs Elí Magnússonar. Flestir spilarar eru ungmenni milli 15 og 20 ára en Ringó er þó íþrótt sem fólk á öllum aldri getur spilað. Það skapast góð stemning í húsinu meðan spilað er, keppnisskapið er í botni en allt þó í mikilli góðmennsku. Því er gaman að koma og spila hvort sem að um er að



ræða byrjanda eða lengra komna. Tímar í íþróttahúsinu fyrir íþrótt eins og Ringó eru mjög mikilvægir og um góða forvörn að ræða eins og sést á þeim fjölda sem mætir og skemmtir sér saman. Á heimasíðu UÍA má finna þessa lýsingu á Ringó: *Ringó svipar nokkuð til blaks en í stað bolta eru notaðir tveir gúmmíhringir, sem liðin kasta yfir net og reyna að koma í gólf hjá andstæðingnum. Aðeins má grípa hringina með annarri hendi og þar sem tveir hringir eru á lofti í einu verður oft æði mikið líf og fjör á vellinum. Spilað er á blakvelli í fjögurra manna liðum og þátttakendur þurfa ekki að búa yfir neinni sérstakri kunnáttu eða getu annarri en að geta gripið með annarri hendi og kastað yfir netið. Ringó er því frábær íþrótt fyrir fólk á öllum aldri og skemmtilegt hópefli fyrir fjölskyldur, vínahópa og vinnustaði.*



## Fréttir frá leikskólanum Ör

Skólaárið hófst í leikskólanum 15. ágúst og opnuðum við klukkan 10:00 þegar búið var að ganga frá á deildum eftir viðhald sumarsins. Sett voru upp fatahólf, bílastæði löguð, ruslatunnur færðar annað og milliveggir settir upp á Tónalandi. Litli Dímon var bónaður og svo má lengi telja. Við verðum í vetur á þremur stöðum með fimm deildar eins og á síðasta skólaári. Í vetur verða 100 börn í vistun í leikskólanum og af þeim eru 33 börn með annað móðurmál en íslensku. Við höfum því bætt við starfsfólki á deildar til að sinna málörvun og annari vinnu sem þarf til að upplifun barna í daglegu starfi leikskólans verði jákvæð og að börnin geti farið frá okkur uppá næsta skólastig sjálfstæð og með góða reynslu í reynslubankanum.

Á síðasta skólaári höfum við innleiðingu á handbókinni snemmtæk fhlutun í máli og læsi sem unnið var sem þróunarverkefni frá árinu 2019-2021. Í þeirri handbók er ýmsar hagnýtar upplýsingar eins og verkferlar sem við vinnum eftir í daglegu starfi leikskólans. Hvaða áherslur eru í málörvun í leikskólastarfinu innan leikskólans. Handbókin okkar er í stöðugri þróun og starfsfólk vakandi fyrir nýjum leiðum til að bæta enn frekar í daglega málörvun barna.

Í vetur starfa hjá okkur :

- 12 kennarar (með leyfisbréf)
- 1 aðstoðarkennari  
(búinn með 120 ECTS einingar á háskólastigi)
- 1 leikskólaliði
- 1 iðjuþjálfari
- 5 nemar,

3 í leikskólakennarafræðum, 1 í þroskaþjálfarafræðum og 1 nemi í sálfræði

- 12 leiðbeinendur
- 2 starfsmenn í ræstingu
- 1 aðstoð í eldhúsi

Í leikskólanum hefur hlutfall fagmenntaðra hækkað og mun vonandi hækka enn frekar á næstu árum og nú eru þrír starfsmenn í námi í leikskólakennarafræðum, einn starfsmaður í námi í þroskaþjálfarafræðum og einn í sálfræðinámi. Í lögum um leikskóla er kveðið á um að 2/3 eigi að vera með kennaramenntun og erum við á réttri leið til að uppfylla þau lög.

Með meiri fagmenntun innan leikskólans er meiri kjarasamningsbundinn undirbúningsstími og í ár þurfum við að manna þrjú stöðugildi vegna undirbúnings starfsmanna á viku. Einnig hafa leiðbeinendur fengið undirbúnings því þeir þurfa einnig að undirbúa starf innan leikskólans. Það er mikill metnaður starfsmanna í leikskólanum við að efla og þróa starfið enn frekar.



## Fréttir frá leikskólanum Örku frh.

Í vetur stefnum við á að klára uppfærslu á skólanámskrá leikskólans og munum við boða til kaffihúsafundar með foreldrum fljótlega til að fá þeirra sýn og hugmyndir um leikskólastarfið hér. Vonandi sjá einhverjir sér færi á að mæta því ykkar sýn og hugmyndir skipta miklu máli fyrir gott samstarf milli heimilis og skóla.

Þetta skólaár er síðasta skólaárið áður en við flytjum í nýja byggingu sem verður bylting í starfsaðstæðum barna og kennara og hlakkar okkur svo sannarlega til. Það mun hjálpa okkur enn frekar að efla og þróa starfið okkar. Við byrjuðum í ágúst að þróa markvissa útikennslu. Í vetur mun því starfa hjá okkur verkefnisstjóri útikennslu sem mun í byrjun fara með hópa í tveimur elstu árgöngunum hjá okkur markvisst í rannsóknarleiðangra um nærumhverfið okkar. Rannsóknir styðja við upplifun okkar um að börnin læri best í náttúrulegu umhverfi og það höfum við sannarlega fundið fyrir eftir að við þurfum að fara í félagsmiðstöðina og Hvolinn. Þar eru ekki leiktæki og börnin hafa því þurft að finna sér eitthvað að gera á lóðunum og í þeirra nærumhverfi. Börnin eru ótrúlega lausnamiðuð þegar þau eru spurð hvað þau langi að gera í útiveru. Starfsfólkið hefur líka hugsað út fyrir kassann og fært út t.d. málningu og annað efni út og börnin alsæl að fá að mála úti frekar en við borð. Félagsfærni barna hefur aukist þar sem þau hafa þurft að hafa mikil samskipti á útisvæði og höfum við séð leik barna þróast hratt og samskipti barna aukist og þróast í leiknum.

Nú sjáum við fram á að geta opnað leikskólann enn frekar og boðið foreldrum oftar á viðburði í starfinu okkar og erum við mjög spennt. Við lítum björtum augum á veturinn um leið og okkur hlakkar til að fara í nýja byggingu þar sem við verðum öll á sama stað.

Sólbjört Sigríður Gestsdóttir

Leikskólastjóri

## Nýja húsnæði leikskólans mun heita Aldan

Nafnasamkeppni fyrir nýjan leikskóla er nú lokið og bárust margar góðar og fjölbreyttar hugmyndir. Valnefnd fór yfir allar hugmyndirnar en í henni sátu þau Angelia Fjóla Vilhjálmstöttir, Ágúst Leó Sigurðsson og Sólbjört Sigríður Gestsdóttir. Nefndin var samhljóma um að nafnið Aldan myndi henta vel fyrir nýja leikskólahúsnæðið. Fyrst um sinn hét dagvistunin Leikskólinn á Hvolsvelli eða frá árinu 1973 en árið 1993 færðist starfsemin í nýtt húsnæði og fékk þá nafnið Örku sem vísaði í hönnun byggingarinnar. Örkin mun standa áfram og mun húsnæðið að öllum líkindum verða nýtt í aðra starfsemi. Nefndinni fannst því tilvalið að nýtt húsnæði fengi nýtt nafn og varð Aldan fyrir valinu vegna öldunnar á Hvolsvelli sem íbúar þekkja vel. Það þótti tilvalið að velja þetta nafn þar sem deildar leikskólans munu heita eftir örnefnum úr sveitafélaginu og álmur eftir fjöllum úr sveitafélaginu.



Hugmyndin að nafninu Aldan kom frá Önnu Þorsteinsdóttur og færði leikskólastjóri henni viðurkenningu fyrir tillöguna. Við þökkum þeim sem tóku þátt og sendu inn sínar hugmyndir og óskum Önnu til hamingju með vinningstillöguna. Á meðfylgjandi mynd má sjá Sólbjörtu Sigríði Gestsdóttur, leikskólastjóra, Önnu Þorsteinsdóttur og dóttur hennar, Unni Ebbu Ragnarsdóttur.

## Barnaþing í leikskólanum

Þann 21. september örkuðu börn fædd 2017 og 2018 í stóra salinn í Hvolnum ásamt kennurum sínum. Þennan dag var barnaþing og er það liður í að börn hafi áhrif á nám sitt og að þeirra hugmyndir fái meira vægi í eigin námi. Ákveðið var að halda barnaþing vegna uppfærslu á skólanámskrá leikskólans og ákváðum við að sameina þennan fund með verkefninu barnvænt samfélag. Það var búið að ákveða spurningar og var ritari á hverju borði sem einnig spurði spurninga. Í þetta sinn voru 7 spurningar ásamt því að spyrja um þeirra hugmyndir af leikskólalóðinni ásamt því hvort þau vildu að nýi leikskólinn myndi heita eitthvað annað en Örk.

Setið var á 8 borðum og var börnunum skipt í hópá þvert á árganga. Börnin stóðu sig með þryði og margar skemmtilegar og fróðlegar umræður voru við borðin.

Í upphafi kynnti leikskólastjóri dagskrána sem var þessi

1. Umræður í 20 mínútur
2. Fundarhlé 10 mínútur
3. Umræður 20 mínútur
4. Hádegismatur og fundarlok

Spurt var að eftirfarandi :

- Hver ræður í leikskólanum ?
- Hverju fáið þið að ráða í leikskólanum ?
- Hverju mynduð þið vilja fá að ráða í leikskólanum?
- Hvað er skemmtilegast að gera í leikskólanum ?
- Hvað er leiðinlegast að gera í leikskólanum ?
- Er eitthvað sem þið viljið breyta í leikskólanum ?
- Hvernig mynduð þið vilja hafa leikskólalóðina ? hvaða leiktæki eru skemmtilegust?



Börnin sögðu að þau fengju að ráða hvað þau borðuðu mikið, fá að ráða hvað þau setja á diskinn sinn, fá að ráða hvaða dót þau leika með og stundum fá þau að ráða í hópastarfi því kennaranum dettur ekkert sniðugt í hug að gera. Sumum fannst þau ekki fá að ráða neinu í leikskólanum en öðrum fannst þau ráða mjög miklu. Börnin myndu vilja ráða hvort þau vildu vera úti eða inni. Þau myndu vilja hafa bíó og fimleikasal. Eitt barnið vildi fá að ráða hvort það færi út í stígvélum eða skóm. Sumir vildu fá að klifra meira og einhverjir vildu fá að ráða yfir hinum börnunum. Það sem var skemmtilegast að gera í leikskólanum var m.a. að leika, borða, dansa, hlusta á kennarana og stjórna öllum krökkunum. Heilt yfir fannst börnunum hvíldin mjög leiðinleg og sumum fannst leiðinlegt að stríða kennurunum. Einhverjum fannst leiðinlegt að leika sér meðan öðrum fannst leiðinlegt að hlusta á sögur. Ef börnin fengju að breyta einhverju í leikskólanum væri það að búa til regnboga leikskóla, borða meira, breyta um dót og hafa kóng og prinsessu. Það sem þeim langar að hafa á nýju leikskólalóðinni var m.a. að hafa drullumallssvæði, aparólu, heitan og kaldan pott, kýr, önd, blettatigur, línur til að labba á, geimflaug, trampólín, eðlur, geitunga, blátt mark og stökkpall.

Eins og sjá má hafa þau miklar og góðar skoðanir á leikskólastarfinu og nóg að gera við að vinna úr hugmyndum þeirra til að bæta enn frekar leikskólastarfið okkar. Við stefnum á að halda annað barnaþing á vormánuðum því þetta var mjög gaman.


Sólbjört Sigríður Gestsdóttir

Leikskólastjóri

# Nýtt stjórnskipulag Rangárþings eystra

Á 299. fund sveitarstjórnar Rangárþings eystra þann 9. júní sl. var endurskoðað stjórnskipulag sveitarfélagsins samþykkt samhljóða. Með því var nefndum fækkað úr tólf í fimm en nefndirnar sem nú starfa eru Fjölskyldunefnd, Heilsu-, íþrótt- og æskulýðsnefnd, Markaðs- og menningarnefnd og Umhverfis- og skipulagsnefnd. Á sama tíma var hlutverk og verkaskipting milli sveitarstjórnar og byggðarráðs skýrð. RR ráðgjöf/KPMG vann að greiningu á virkni stjórnskipulags Rangárþings eystra og kom með tillögur að endurskoðun.

## Skipurit staðfest af sveitarstjórn



Samstarfsverkefni	
Héraðsnefnd Rangæinga (3)	Tónlistarskóli Rangæinga bs.
Brunavarnir Rangárvallasýslu bs.	Sorpstöð Suðurlands bs.
Félags- og skólajónusta Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu bs.	Stjórn Héraðsbókasafns Rangæinga (3)
Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.	Héraðsnefnd Rangæinga (3)
Hula bs.	Landspjng sambands íslenskra sveitarfélaga
Bergrisinn bs.	Múlakotsbærinn ses.
Almannavarnarnefnd	Katla Geopark ses.
SASS	Njálurefill ses.
Sameiginleg félagsmálanefnd	

## Beint streymi frá sveitarstjórnarfundum

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti samhljóða á 299. fundi sínum í júní sl. að senda út fundi sveitarstjórnar í beinu streymi. Undirbúningur hófst strax og öflugur fjarfunda- og streymisbúnaður var keyptur í fundarherbergið að Austurvegi 4. 301. og 302. fundur sveitarstjórnar voru teknir upp enda tæknistjórn að læra á búnaðinn áður en að beinu streymi kæmi. 303. fundur sveitarstjórnar, sem haldinn var fimmtudaginn 20. október var svo í beinu streymi og svo verður raunin um alla fundi sveitarstjórnar hér eftir með þeim fyrirvara að ekkert komi upp á en það yrði þá auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins. Sveitarstjórn fundar að jafnaði annan fimmtudag í mánuði. Hægt er að finna upptökur af þessum þrem fundum sem búnir eru inni á fundargerðum hvers fundar fyrir sig sem og á youtube síðu Rangárþings eystra.

## Fundadagatal Rangárþings eystra

Sveitarstjórn

Byggðarráð

Skipulags- og umhverfisnefnd

Fjölskyldunefnd

Heilsu-, íþrótt- og æskulýðsnefnd

Markaðs- og menningarnefnd

September 2022						
M	Þ	M	F	F	L	S
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30		

Október 2022						
M	Þ	M	F	F	L	S
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

Nóvember 2022						
M	Þ	M	F	F	L	S
1	2	3	4	5	6	
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30				

Desember 2022						
M	Þ	M	F	F	L	S
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

Janúar 2023						
M	Þ	M	F	F	L	S
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

Febrúar 2023						
M	Þ	M	F	F	L	S
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28				

Mars 2023						
M	Þ	M	F	F	L	S
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		

Apríl 2023						
M	Þ	M	F	F	L	S
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30

Maí 2023						
M	Þ	M	F	F	L	S
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

Júní 2023						
M	Þ	M	F	F	L	S
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30		



## Nýr leikskóli að verða fokheldur

Viðtalstími Skipulags- og byggingarfulltrúa er:

Mánudagar 13 – 15

Miðvikudagar 13 – 15

Sími: 488 4200

Netfang:

bygg@hvolsvollur.is



Nýr leikskóli er að taka á sig mynd en verð er að koma fyrir seinustu gluggunum í vestur álmuna. Rafvirkjar vinna við uppsetningu kaplastiga og píparar stefna á að koma hita á bygginguna á næstu dögum. Verið er að bræða undirpappa á þakið en sú vinna heldur áfram næstu daga. Landmót er að leggja lokahönd á hönnun leiksvæðið og umhverfi leikskólans. Framkvæmdir ganga vel og verkstaðan er á áætlun.

## Endurbætur á göngustígum og lýsingu á Hvolsvelli

Skipulags- og byggingarembættið vinnur nú að heildstæðri viðhaldsáætlun vegna endurbóta á göngustígum og lýsingu á Hvolsvelli. Markmiðið er að tryggja betra aðgengi með upplýstum göngustígum, augljósum þverunum yfir akbrautir og lagfæra vegkanta. Í vinnu sem þessari er nauðsynlegt að fá álit íbúa á öllum aldri og eru íbúar því hvattir til að senda ábendingar á netfang aðstoðarmanns skipulags- og byggingarfulltrúa, thorabjorg@hvolsvollur.is.



## 10 tindar á 10 árum

Í byrjun september gengu vaskir nemendur og starfsmenn úr Hvolsskóla ásamt nokkrum foreldrum á fjöll í sveitarfélaginu. Hið árlega fjallgönguverkefni var nú farið í 10. sinn sem þýðir að nú hefur fyrsti hópur skólans lokið göngu á 10 tinda þar sem nemendur í 10. bekk voru í 1. bekk þegar verkefnið fór af stað. Að þessu sinni gengu nemendur í 1. bekk á Stóra-Dímon, nemendur í 2. - 4. bekk héldu sem leið lá upp á Lambafell. 5. - 7. bekkur gekk á Fagrafell og 8. - 10. bekkur trítluðu upp á Drangshlíðartind/Dalstind. Göngurnar fóru fram í blíðskaparveðri og þegar komið var niður fengu allir grillaðar pylsur. Það er mikill sannleikur í meðfylgjandi texta um verkefnið sem finna má á heimasíðu Hvolsskóla en þar segir: „Þetta verkefni er ekki bara skemmtilegt og frábær hreyfing og útivera, það er ekki síður tækifæri til að efla seiglu og þrautseigju þar sem þú þarft að hafa fyrir því að komast upp á topp en ánægjan er margföld þegar þú stendur í lok göngunnar á efsta toppi eftir að hafa sigrað sjálfan þig. Þó að í erfiðustu göngunum fari ef til vill ekki allir á efsta toppinn þá fara þeir þó engu að síður á sína toppa og jafnvel mun lengra en þeir áttu von á. Þar með sigra þeir sjálfa sig og efla.“



1. bekkur gekk á Dímon



2.-4. bekkur á Lambafelli



5.-7. bekkur á Fagrafelli



8.-10. bekkur á Drangshlíðartind

## Mælingar á hopi Sólheimajökuls

Annað árlegt verkefni í byrjun skólaársins í Hvolsskóla er ferð 7. bekkjar að Sólheimajökli til að mæla hop hans. Ferðin er sú þrettánda í röðinni en Jón Stefánsson fór með nemendur í fyrstu ferðina í september 2010 en Jón var mikill frumkvöðull í náttúrufræðikennslu og rannsóknum í Hvolsskóla. Jón féll frá í maí síðastliðnum og setti hópurinn niður blóm til minningar um hann. Að þessu sinni var veður með allra besta móti þegar 7. bekkur hélt af stað í mælingarferð en að venju var Björgunarsveitin Dagrenning mætt til að aðstoða við verkefnið. Jökullinn hefur hropað um 37 metra frá því haustið 2021 og var þetta í 13. skipti sem það var mælt. Jökullinn hefur hropað um 445 metra síðan árið 2010 þegar mælingar hófust. Mælt var með GPS tæki og veiðistöng fyrir dýptarmælingu. Lónið er um 54 metrar djúpt eins og staðan er núna. Í lok mælingar fékk hópurinn að fara í bátsferð með Dagrenningu til að skoða lónið betur. Blái liturinn, askan og stærð lónsins komu mjög á óvart og var dagurinn virkilega góður.



## Hvolsskóli fær Grænfánann í 7. sinn



Föstudaginn 4. nóvember sl. tók Hvolsskóli við grænfánann í 7. sinn en grænfánaverkefnið er alþjóðlegt umhverfisverndarverkefni, sem stýrt er af Landvernd. Hvolsskóli flaggaði fánannum fyrst árið 2008. Það var Ósk Kristinsdóttir frá Skólum á grænni grein sem kom og afhenti fánann og umhverfisnefnd skólans tók á móti honum. Í lok athafnarinnar söng Tröllakór Hvolsskóla (nemendur í 1.-4. bekk) nokkur lög. Í dag eru um 200 skólar á Íslandi sem taka þátt í þessu verkefni, frá leikskóla til háskóla.

## Mötuneyti Rangárþings eystra

Mötuneyti Rangárþings eystra sér um alla matseld fyrir mötuneyti stofnanna innan sveitarfélagsins sem og einstaklinga, þ.e. fyrir Hvolsskóla, leikskólann Örsk, Kirkjuhvol, VISS og matarbakka fyrir einstaklinga sem rétt eiga á heimsendri máltíð. Bragi Þór Hansson, forstöðumaður mötuneytisins, og hans fólk í eldhúsinu eldar því um 450 skammta af mat í hádeginu á virkum dögum. Það sem gerir matseldina einnig sérstaka er aldursbil þeirra sem neyta matarins en það er frá 1 árs leikskólabörnum til 98 ára fbúa á Kirkjuhvoli.

Þegar barna- og ungmennafing voru haldin í Hvolsskóla árið 2021 kom sterklega í ljós að nemendur í skólanum höfðu miklar skoðanir á matnum sem á boðstólum er hverju sinni í skólamötuneytinu. Þegar matseðill er útbúinn þarf að fara að öllu leyti eftir Handbók fyrir grunnskólamötuneyti sem landlæknisembættið gefur út en nýjasta uppfærsla hennar var gerð 2021. Bragi vildi gjarnan útskýra fyrir nemendum hvernig skipulagning á matseðli fer fram, hvaða reglum þarf að fylgja varðandi næringu og fleira í þeim dúr. Hann heimsótti því þrjá bekk í Hvolsskóla, 4., 7. og 10. Nemendur fengu yfirlit yfir þær reglur sem þarf að fylgja og hvernig Bragi útbýr matseðilinn og svo var verkefnið að útbúa matseðla fyrir 4 vikur. 7. og 10. bekk var skipt í hópa en 4. bekkur vann saman að matseðlinum með hjálp frá Braga. Nemendurnir stóðu sig allir mjög vel í þessu verkefni og verða bestu matseðlarnir nýttir í mötuneytinu næstu vikur. Það má t.d. geta þess að matseðillinn sem nú er farið eftir, fram í miðjan nóvember, er matseðill sem einn hópur í 7. bekk bjó til. Í hópnum voru þau Unnur Kristín, Úlfhildur Vaka, Ásgeir Ómar, Pálína, Oddný Sif og Michal.

## Dagrenning kaupir nýjan snjóbjól

Nýr snjóbjól Björgunarsveitarinnar Dagrenningar var frumsýndur þann 27. ágúst sl. á Kjötsúpuháttíðinni. Gestir hátíðarinnar fengu tækifæri til að skoða gripinn í krók og kima en bjóllinn er af gerðinni Hagglund. Snjóbjóllinn mun efla björgunarsveitina til muna og er mikið þarfapening fyrir það góða fólk sem starfar í sveitinni af miklum dug allt árið um kring.



# Nýtt útlit á heimasíðu Rangárþings eystra



Visit Hvolsvöllur

Íbúar ▾

Stjórnsýsla ▾

Mannlíf ▾

Sendu ábendingu



Skipulags- og byggingarmál



Korta- og teikningavefur



Sorphirða

Þegar sveitarfélagið fór af stað með öfluga markaðsherferð árið 2021 þá þótti rétt að vinna einnig að því að uppfæra og nútímavæða merki Rangárþings eystra sem og heimasíðuna. Höfundar markaðsherferðarinnar, Hönnunarstofan Arnar&Arnar, tóku einnig að sér þetta verk og var útkoman nútímalegt og skýrt formað merki á grunni þess gamla. Heimasíðan tók einnig mið af þeim litatönnum sem notaðir voru bæði í markaðsherferðinni og í merki sveitarfélagsins og forritarar hjá Stefnu vefsíðugerð voru í góðu samstarfi við Arnar&Arnar um lokafrágang. Hvolsvollur.is er nú ferskari og notendavænni.

Íbúar og aðrir notendur heimasíðunnar eru hvattir til að skoða síðuna og ef upp koma athugasemdir eða ábendingar má gjarnan senda þær til Markaðs- og kynningarfulltrúa á netfangið arnylara@hvolsvollur.is.

## Heilsueflandi haust - Heilsueflandi samfélag

Rangárþing eystra er heilsueflandi samfélag og hluti af því verkefni hefur verið að vera með heilsueflandi dagskrá að hausti. Það er Ólafur Örn Oddsson, forstöðumaður íþróttamannvirkja og Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi sem hefur veg og vanda að undirbúningi þeirrar dagskrár sem að er í boði hverju sinni. Þessi dagskrá hefur breyst frá því að fyrst var farið af stað, fyrst var um heilsueflandi viku að ræða, svo hefur heilsueflandi mánuður verið prófaður en að þessu sinni er yfirskriftin Heilsueflandi haust og er þá viðburðum og uppákomum dreift yfir lengri tíma. Nú þegar hafa verið fyrirlestrar, opinn yoga tími með Hörpu Mjöll, ilmsauna og flot og diskósund. Anna Rún hefur einnig kennt á tækin í ræktinni tvisvar í október. Í nóvember er m.a. landsátak í sundi á vegum ÍSÍ, Quiz í boði ungmennaráðs og Ungmennáþing með áherslu á heilsueflingu.

Fylgist með dagskránni á heimasíðu og facebook síðu Rangárþings eystra.

### Hugsaðu um heilsuna

Heilsueflandi samfélag Rangárþingi eystra

- 17. okt. kl. 19.00 „YOGA“ í Hvolnum með Hörpu Mjöll
- 20. okt. kl. 17:00 FYRIRLESTUR í Hvolnum Geir Gunnar Markússon -næringarfræðingur
- 22. okt. kl. 15.30 „ILMSAUNA OG FLOT“ með Ágústu Hjalta
- Sunnudagar frá og með 23. október  
Íþróttahús fyrir „krílaíþróttir“ kl. 10:00 -11:00.  
Leikskólakrakkar í fótbolta, 8. flokkur kl. 11:00 -12:00.  
Opíð íþróttahús fyrir badminton kl. 12:00 -13:00.
- 25. október FYRIRLESTUR frá Margræti Láru og Einarí Emi um andlega og líkamlega líðan
- Anna Rún kennir á tækin í líkamsræktinni 17. okt. kl. 18:00 -19:00  
26. okt. kl. 12:00 -13:00
- 2. nóvemb. DISKÓSUND kl. 20:00-22:00

**TILBOÐ**  
á árskortum í sund og rækt 35.000.  
20% afsl. á kortum fyrir námsmenn

- Sundhvatning
- Ungmennáþing með áherslu á heilsueflingu
- Quiz í umsjón ungmennaráðs
- Heilsustigur, Folfvöllur, Ringo og margt fleira

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG Rangárþing eystra  
væðing fyrir alla

## Meningarsjóður Rangárþings eystra - haustúthlutun

Á 303. fundi sveitarstjórnar Rangárþings eystra var tillaga Markaðs- og menningarnefndar um úthlutun úr Menningarsjóði samþykkt. Að þessu sinni bárust 4 umsóknir í sjóðinn og var hægt að styrkja 3 umsóknir af þeim. Eftirfarandi verkefni hlutu styrk úr sjóðnum.

Ungmennafélagið Trausti; 100 ára afmæli UMF Trausta - 370.000 kr.

Félag sauðfjárbænda Rangárvallasýslu; Dagur sauðkindarinnar - 50.000 kr.

Kvenfélagið Eining Hvolhreppi; Margt verður til í kvenna höndum - 125.000 kr.




## Vetraropnun í Íþróttamiðstöðinni

Virkir dagar: 06:00 - 21:00

Helgar: 10:00 - 15:00

Sundlaugin er opin alla daga vikunnar en yfir veturinn er sundkennsla yfir miðjan daginn.



Búið er að lagfæra stíginn um skóginn við Kirkjuhvol. Settar voru niður plastmottur og fínn salli settur ofan í. Skógurinn hefur fengið hina skemmtilegu nafngift Hálsaskógur hjá leikskólabörnum.